



Alþingi
Erindi nr. P 127/496
komudagur 12.12.2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2001
KSG/UBÓ/084/01

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990, 229. mál, Heyrnar- og talmeinstöð.

Vísað er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis frá 20. nóvember 2001 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum. Markmiðið með frumvarpinu er að bæta þjónustu við heyrnarlausa, heymarskerta og þá sem eru með talmein.

Almennt

Það vekur athygli að samkvæmt frumvarpinu er ætlunin að setja ákvæði um Heyrnar- og talmeinstöð í lög um heilbrigðisþjónustu í stað núgildandi sérлага. Hvoru tveggja er um að ræða, ákvæði um hvaða þjónustu skuli veita og ákvæði um greiðsluþátttöku ríkis og sjúklings. Ekki kemur fram hvort ætlunin sé að gera sams konar breytingu varðandi Sjónstöð Íslands, sem verður að teljast eðlislík stofnun.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu er eingöngu kveðið á um þá heilbrigðisþjónustu sem ríkinu ber að veita og allir landsmenn skuli eiga rétt á. Í almannatryggingalögum er hins vegar ákveðið hvaða heilbrigðisþjónusta fellur undir aðstoð sjúkratryggingakerfisins, með hvaða kjörum hún skuli veitt og hverjir skuli njóta kjaranna (sjúkratryggðir). Gera verður skýran greinarmun á heilbrigðisþjónustu annars vegar og réttinum til að njóta þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við heilbrigðisþjónustuna hins vegar. Því verður að telja að ákvæði um greiðsluþátttöku ríkis og sjúkratryggðra vegna heilbrigðisþjónustu og um það hverjir skuli njóta heilbrigðisþjónustu (sjúkratryggðir) eigi ekki heima í lögum um heilbrigðisþjónustu heldur í lögum um almannatryggingar, eða sérlegum ef það þykir henta betur. Rétt er að hafa í huga að í lögum um almannatryggingar og reglum settum samkvæmt þeim er kveðið á um greiðsluhlutdeild sjúkratryggðra varðandi ýmsa aðra heilbrigðisþjónustu en þá sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða, eins og t.d. glasafriðgun.

Athugasemdir við einstök ákvæði

4. tl. 37.a.2. Talað er um að eitt af hlutverkum Heyrnar- og talmeinstöðvarinnar sé að útvega hjálpartæki fyrir heyrnarlausa og heymarskerta en í núgildandi lögum er talað um “hvers konar hjálpartæki fyrir heymarskerta og málhalta”. Hér þyrfti að



TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

kveða sterkar að orði ef ekki á að leika neinn vafi á því að öll hjálpartæki fyrir þennan hóp skuli vera á ábyrgð Heyrnar- og talmeinstöðvar.

37.a.4, 5, 6, 7, 8, 9 og 37.b.3. Sjá almennar athugasemdir hér að ofan.

Að öðru leyti hefur Tryggingastofnun ekki sérstakar athugasemdir við efni frumvarpsins og telur jákvætt að unnið sé að bættri þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með talmei.

Karl Steinar Guðnason
forstjóri